

Skýrsla ritstjórnar sálfræðiritsins fyrir aðalfund 2025

Sálfræðiritið 2024

Ritstjórn sálfræðiritsins 2024 var skipuð þeim Sigurði Viðar, Tómasi Kristjánssyni og Ingu Maríu Ólafsdóttur. Ritstjórn tók við handritum frá höfundum efnis þar til í október 2024 og deildi handritum á milli ritstjóra sem komu þeim í ritrýni. Eftir að ritrýni var lokið var svar ritstjórnar sent til höfunda og þeim boðið að bregðast við athugasemdum og senda endurbætt handrit inn. Ef brugðist var við athugasemdum á fullnægjandi hátt var handrit sent í umbrot sem tekið var saman fyrir lokaútgáfu ritsins. Sjö handrit bárust árið 2024.

Sálfræðiritið kom út í desember 2024 og var það 29. árgangur ritsins. Í ritinu birtust fjórar ritrýndar greinar. Í grein Birnu Pálsdóttur og Zuilmu Gabrielu Sigurðardóttur voru könnuð tengsl jákvæðrar og neikvæðrar endurgjafar kennara og námsástundunar í skóla á höfuðborgarsvæðinu. Grein Hugu Erlingsdóttur, Önnu Alexöndru Helgadóttur og Dagmar Kr. Hannesdóttur var fjallað um birtingarmynd stýrifærnivanda eftir aldri og kyni auk þess að skoða tengsl við ADHD einkenni. Í grein Azra Crnac, Felix Högnasonar og Karls F. Gunnarssonar var fjallað um hagnýtingu atferlismiðaðrar píramídarþjálfunar við að kenna starfsfólki sérskóla færnimiðuð boðskipti og í grein Þórhildar Guðjónsdóttur og Daníels Ólasonar var farið yfir breytingar á algengi ADHD einkenna árin 2005 og 2023. Eins og í fyrri ritum voru svo birtir titlar lokaritgerða í sálfræði á framhaldsstigi (bæði masters- og doktorsritgerða) sem unnar voru við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík síðan síðasta hefti ritsins kom út. Sálfræðiritið kom einungis í út rafrænu formi 2024 og er nú aðgengilegt og gjaldfrjálst öllum.

Sálfræðiritið 2025

Vinna við næsta árgang sálfræðiritsins er hafinn og eru tvö handrit sem ekki komust inn í 2024 ritið í ferli. Ritstjórnar vilja leggja áherslu á að Sálfræðiritið á að fjalla um öll sálfræðileg viðfangsefni. Ritstjórn vill áfram leggja áherslu á ritrýndar greinar þar sem fjallað er um rannsóknarniðurstöður en telja þó að óritrýnt efni eigi einnig að vera hluti af efni Sálfræðiritsins og hvetja því félagsmenn til að senda inn pistla eða hugrenningar um málefni tengd sálfræði, svo sem fræðilegar greinar þar sem kenningar innan sálfræðinnar eru reifaðar. Einnig hvetja ritstjórnar leiðbeinendur í háskólum sem kenna sálfræði að vera með augun opin fyrir áhugaverðum rannsóknum nemenda sinna og hvetja þá til að senda þær inn til birtingar.

Stefna ritstjórnar er að á árinu 2025 muni greinar birtast jafnóðum og þær eru tilbúnar til birtingar. Með þessu móti er auðveldara að birta efni sem þolir illa útgáfubið, svo sem greinar um málefni líðandi stundar.

Ritstjórnar
Sigurður Viðar
Tómas Kristjánsson
Inga María Ólafsdóttir